



Hjóltreiddafélag Vesturlands - Ársskýrsla 2024

Aðalfundur 2024

Aðalfundur félagsins var haldinn 19. mars 2024. Þar var nýr formaður kjörinn og tók Haraldur Haraldsson við af Guðríði Hlíf Sigfúsdóttur sem tók þá við gjaldkerastöðunni af Guðgeiri Guðmundssyni. Ragnar Ingi Sigurðsson, Dagný Pétursdóttir og Reynir Georgsson eru meðstjórnendur og varamenn eru Dagný Ósk Halldórsdóttir, Guðgeir Guðmundsson og Magnús Ingi Bæringsson.

Stjórn Hjóltreiddafélags Vesturlands

Haraldur Haraldsson, formaður
Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir, gjaldkeri
Ragnar Ingi Sigurðsson, meðstjórnandi
Dagný Pétursdóttir, meðstjórnandi
Reynir Georgsson, meðstjórnandi
Dagný Ósk Halldórsdóttir, varamaður
Guðgeir Guðmundsson, varamaður
Magnús Ingi Bæringsson, varamaður

Starf félagsins

Hjóltreiddafélag Vesturlands var stofnað árið 2022. Í dag eru félagsmenn 62. Félagið hefur ekki haldið úti skipulögðum æfingum heldur staðið fyrir ýmsum viðburðum, fyrir fólk á öllum aldri. Á síðastliðnu starfsári stóð félagið fyrir ýmsum viðburðum og tók meðal annars þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var í Borgarnesi. Haldin var kynning fyrir krakka á aldrinum 10 - 16 ára og í kjölfarið var haldið fimm daga námskeið fyrir sama hóp. Félagið átti nokkra keppendur í ungdúrói og downhill og uppskar einn af okkar keppendum bikartitil og Íslandsmeistaratitil í kvk U15. Félagið hefur auk þess verið að gera hjólaleiðir aðgengilegri og sýna frá þeim á facebook-síðu hópsins.

Helstu viðburðir

- Viðgerðarkvöld haldið á Akranesi 10. apríl og í Stykkishólmi 23. apríl.
- Haldin var kynning fyrir krakka í Borgarnesi, tvö kvöld í apríl sem á mættu um 30 krakkar.

- Námskeið fyrir krakka haldið í Borgarnesi, fimm skipti í maí og voru á því 15 krakkar.
- Samstarf við Land og skóga um að útbúa hjólaleiðir í Stálpastaðaskógi í Skorradal.
- Samhjól um Borgarnes, 17. júní.
- Samhjól, Jónsnes Stykkishólmi, 17. júní.
- Samhjól yfir Skarðsheiði 8. sept.
- Samhjól um Drápuhlíð á Snæfellsnesi 23. sept.
- Samhjól á Skorradalavatni sem fara átti fram í janúar féll niður vegna óhagstæðs veðurs (ekki nóg af frosti).
- XCO keppni á Unglingalandsmóti um Verslunarmannahelgina, haldið í Einkunnum.
- Kynningar á félaginu og starfseminni í Borgarnesi og Búðardal í tilefni af Íþróttaviku Evrópu.
- Krakkar kepptu í Ungdúró og fengum við Íslands- og bikarmeistara í U15 kvenna. Birta Mjöll Adolfsdóttir.
- Keyptar voru merktar hettupeysur og derhúfur sem voru svo seldar. Þá voru einnig keypt flögg merkt félaginu til að hafa við viðburði.

Áætlaðir viðburðir fyrir árið 2025/2026:

- DH (downhill) verður haldið í Skorradalnum þann 8. júní. Fyrsta keppni í bikarnum árið 2025.
 - Vinnudagar í undirbúning fyrir keppnina.
- Viðgerðarkvöld.
- Krakkanámskeið.
 - Það er í boði fyrir krakka að æfa með HFR í Reykjavík: DH, enduro og XCO.
- Samhjól/viðburðir: 17. júní, Brákarhátíð, Skarðsheiði, Hvalfjörður?
- Bjóða upp á AM fyrir fullorðna, finna dag.
- Hafa kynningu fyrir fullorðna.

- Viðburðir: Maggi græjar samhjól í Stykkishólmi, Reynir athugar með viðburð á Írskum dögum á Akranesi. Athuga hvort Haukur sé til í að endurvekja samhjól um Hvalfjörð.
- AM hjól verður sett á. Spurning að setja af stað hóp fyrir rafhjólara.
- Halda viðgerðarnámskeið á þremur stöðum í vor.
 - *Tökum naglana af og setjum sumarið á!*
- Útbúa kynningartexta fyrir félagið til auglýsingar og kynna félagið um héraðið.
- Panta keppnisgalla.
- Athuga svæði í Borgarnesi fyrir krakka að æfa/leika sér á.
- Ýta á að göngustígur upp í Einkunnir verði kláraður.
- Hóla í vinnuhóp fyrir td. DH keppni ofl.

Framtíðarsýn félagsins

Markmið félagsins er að efla hjólreiðar á Vesturlandi, kynna hjólaleiðir á svæðinu og búa til nýjar. Félagið stefnir á að bæta aðstöðu til hjólaíðkunar innan þéttbýliskjarna á svæðinu, m.a. langar okkur að setja upp hjólabrautir sem bæði börn og fullorðnir geta æft sig á. Félagið stendur ekki fyrir skipulögðum æfingum en við stefnum á að bjóða upp á námskeið fyrir mismunandi hópa.

Lokaorð

Félagið er ungt en smátt og smátt eru að myndast hefðir og félagið að stækka. Við vonumst til að geta eftt félagið og virkjað félagsmenn enn frekar.

Stjórn Hjólreiðafélags Vesturlands

Haraldur Haraldsson, formaður
 Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir, gjaldkeri
 Ragnar Ingi Sigurðsson, meðstjórnandi
 Dagný Pétursdóttir, meðstjórnandi
 Reynir Georgsson, meðstjórnandi
 Dagný Ósk Halldórsdóttir, varamaður
 Magnús Ingi Bæringsson, varamaður
 Guðgeir Guðmundsson, varamaður

Hjólreiðafélag Vesturlands

Ársreikningur

2024

Efnahagsreikningur

Eignir:


Inneign á bankabók nr. 326-26-002678	184,774
Inneign á bankabók nr. 326-22-002677	1,521,267
Útistandandi kröfur	0
Samtals:	1,706,041


Skuldir:

Höfuðstóll	698,323
Hagnaður/ -tap ársins	1,007,718
Samtals:	1,706,041

0


Við undirritaðir skoðunarmenn Hjólreiðafélags Vesturlands höfum yfirfarið ársreikninginn og leggjum til að hann verði samþykktur.


Þorsteinn Eyþórsson


Margrét Helgadóttir

Áritun stjórnarmanna:


Haraldur L. Haraldsson


Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir

Ragnar Ingi Sigurðsson


G. Reypr Georgsson


Dagný Pétursdóttir

Hjólreiðafélag Vesturlands

Ársreikningur

2024

Rekstrarreikningur

Tekjur:

Styrkir	773,039
---------	---------

Félagsgjöld	267,000
-------------	---------

Vaxtatekjur	59,603
-------------	--------

Aðrar tekjur	570,440
--------------	---------

Samtals:	1,670,082
-----------------	------------------

Gjöld:

Stofnkostnaður	0
----------------	---

Viðburðarkostnaður	0
--------------------	---

Námskeiðskostnaður	99,500
--------------------	--------

Bankkakostnaður	5,312
-----------------	-------

Annar kostnaður	544,439
-----------------	---------

Fjármagnstekjuskattur	13,113
-----------------------	--------

Samtals:	662,364
-----------------	----------------

Hagnaður /-tap ársins	1,007,718
-----------------------	-----------

Samtals:	1,670,082
-----------------	------------------